



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu sex mánuði áranna 2010 og 2011

2011

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu sex mánuði áráanna 2010 og 2011. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu sex mánuði áráanna 2010 og 2011.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um tæplega 10% fyrstu sex mánuði ársins 2011 samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2010. Fjöldi tilkynninga var 4.459 fyrstu sex mánuði ársins 2011 en 4.949 fyrstu sex mánuði ársins 2010. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 46,2% tilkynninga fyrstu sex mánuði ársins 2011, en 46,8% fyrstu sex mánuði ársins 2010. Alls voru 29,9% tilkynninga vegna vanrækslu á börnum fyrstu sex mánuði ársins 2011, en 31,7% fyrstu sex mánuði ársins 2010. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi var 22,9% fyrstu sex mánuði ársins 2011, en 21,0% fyrstu sex mánuði ársins 2010. Hlutfall tilkynninga vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var 1,0% fyrstu sex mánuði ársins 2011, en 0,5% fyrstu sex mánuði ársins 2010.

Í sískráningu barnaverndarnefnda var á árinu 2009 í fyrsta sinn spurt sérstaklega um áfengis-og fíkniefnaneyslu foreldra og heimilisofbeldi. Fyrstu sex mánuði ársins 2011 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 7,6%. Fyrstu sex mánuði ársins 2010 var hlutfallið 7,9%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 4,9% fyrstu sex mánuði ársins 2011, en 4,4% fyrstu sex mánuði ársins 2010. Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra var 49,3% fyrstu sex mánuði ársins 2011, en 49,2% fyrstu sex mánuði ársins 2010.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu sex mánuði ársins 2011 var 3.678 börn, en sambærileg tala fyrir árið 2010 var 4.072 börn. Tilkynnt var því um tæplega 10% færri börn fyrstu sex mánuði ársins 2011 en fyrstu sex mánuði ársins 2010. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði fyrstu sex mánuði ársins 2011 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 49 fyrstu sex mánuði ársins 2011 en 75 fyrstu sex mánuði ársins 2010. Flestar umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2011 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 71,4% umsókna, en 28,6% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur fyrstu sex mánuði ársins 2011. Hlutfall umsókna fyrir drengi var rúmlega 69%. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir var 15,9 ár fyrstu sex mánuði ársins 2011.

Alls bárust 40 umsóknir um MST fyrstu sex mánuði ársins 2011, en 42 umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2010. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglunga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Meðalaldur barnanna var 15,3 ár og drengir voru í meirihluta þeirra barna sem sótt var um fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2011. Hlutfall umsókna fyrir drengi var 62,5%.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fjölgaði úr 63 í 74 á umræddu tímabili. Fjölgunin var á umsóknum bæði fyrir tímabundið fóstur og styrkt fóstur. Flestar umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2011 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 67,5% umsókna, en 32,4% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur fyrstu sex mánuði ársins 2011 og var hlutfall umsókna fyrir drengi tæplega 65%

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 94 fyrstu sex mánuði ársins 2011, en 123 fyrstu sex mánuði ársins 2010. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 71,1% fyrstu sex mánuði ársins 2011 og 67,5 % fyrstu sex mánuði ársins 2010.

Fyrstu sex mánuði ársins 2011 voru 112 vistanir á neyðarvistun Stuðla, en þær voru 132 á sama tímabili árið á undan. Vistunardögum fjölgaði fyrstu sex mánuði ársins 2011 miðað við sama tímabil árið á undan úr 782 dögum í 787 daga. Fjöldi einstaklinga fyrstu sex mánuði ársins 2011 var 64, en 71 á sama tímabili árið á undan.

Umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fjölgaði úr 31 umsókn fyrstu 6 mánuði ársins 2010 í 36 umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2011. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	2.277	46,0	2.179	48,9
Seltjarnarnes	23	0,5	22	0,5
Kópavogur	421	8,5	419	9,4
Garðabær	69	1,4	58	1,3
Hafnarfjörður	389	7,9	432	9,7
Álftanes	60	1,2	31	0,7
Reykjanesbær	279	5,6	173	3,9
Grindavík	57	1,2	62	1,4
Sandgerði	191	3,9	104	2,3
Mosfellsbær	138	2,8	105	2,4
Akranes	60	1,2	63	1,4
Borgarfjarðar og Dala	16	0,3	22	0,5
Snæfellinga	14	0,3	5	0,1
Norðanverðir Vestfirðir	100	2,0	63	1,4
Vesturbyggð og Tálknafjörður	13	0,3	7	0,2
Húnaþing vestra	25	0,5	16	0,4
A-Hún	39	0,8	26	0,6
Skagafjörður	23	0,5	18	0,4
Útey	53	1,1	52	1,2
Eyjafjörður	189	3,8	205	4,6
Þingeyingar	71	1,4	28	0,6
Fljótsdalshérað	36	0,7	36	0,8
Fjarðabyggð	69	1,4	44	1,0
Hornafjörður	19	0,4	31	0,7
Árborg	82	1,7	96	2,2
Uppsveitir Árnessýslu	15	0,3	18	0,4
Hveragerði	26	0,5	23	0,5
Ölfus	7	0,1	1	0,0
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	37	0,7	24	0,5
Vestmannaeyjar	151	3,1	96	2,2
Samtals	4.949	100,0	4.459	100,0

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	3.377	68,2	3.246	72,8
Landsbyggð	1.572	31,8	1.213	27,2
Samtals	4.949	100,0	4.459	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarsvæði.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.775	43,6	1.701	46,2
Seltjarnarnes	23	0,6	21	0,6
Kópavogur	348	8,5	366	10,0
Garðabær	64	1,6	54	1,5
Hafnarfjörður	335	8,2	369	10,0
Álftanes	43	1,1	27	0,7
Reykjanesbær	254	6,2	162	4,4
Grindavík	51	1,3	50	1,4
Sandgerði	138	3,4	61	1,7
Mosfellsbær	119	2,9	89	2,4
Akranes	52	1,3	47	1,3
Borgarfjarðar og Dala	16	0,4	22	0,6
Snæfellinga	14	0,3	5	0,1
Norðanverðir Vestfirðir	84	2,1	58	1,6
Vesturbyggð og Tálknafjörður	13	0,3	7	0,2
Húnaþing vestra	20	0,5	15	0,4
A-Hún	23	0,6	23	0,6
Skagafjörður	20	0,5	15	0,4
Útey	53	1,3	52	1,4
Eyjafjörður	174	4,3	172	4,7
Þingeyingar	63	1,5	28	0,8
Fljótsdalshérað	35	0,9	33	0,9
Fjarðabyggð	66	1,6	43	1,2
Hornafjörður	19	0,5	31	0,8
Árborg	82	2,0	83	2,3
Uppsveitir Árnassýslu	14	0,3	17	0,5
Hveragerði	24	0,6	22	0,6
Ölfus	4	0,1	1	0,0
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	33	0,8	24	0,7
Vestmannaeyjar	113	2,8	80	2,2
Samtals	4.072	100,0	3.678	100,0

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	2.707	66,5	2.627	71,4
Landsbyggð	1.365	33,5	1.051	28,6
Samtals	4.072	100,0	3.678	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

	Fyrstu 6 mánuði 2010		Fyrstu 6 mánuði 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	2.638	64,8	2.358	64,1

Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Vanræksla	1.568	31,7	1.335	29,9
Líkamleg vanræksla	71	1,4	79	1,8
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit *Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	1.314	26,6	1.136	25,5
Vanræksla varðandi nám	63	1,3	69	1,5
Tilfinningaleg vanræksla	151	3,1	98	2,2
Ofbeldi	1.041	21,0	1.021	22,9
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi *þar af heimilisofbeldi	565	11,4	535	12,0
Líkamlegt ofbeldi	274	5,5	248	5,6
Kynferðislegt ofbeldi	224	4,5	240	5,4
Áhættuhegðun	2.315	46,8	2.058	46,2
Neysla barns á vímuefnum	408	8,2	388	8,7
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	484	9,8	513	11,5
Afbrot barns	1.066	21,5	819	18,4
Barn beitir ofbeldi	272	5,5	248	5,6
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	114	2,3	121	2,7
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	25	0,5	45	1,0
Tilkynningar alls	4.949	100,0	4.459	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	103		95	

* Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálf	32	0,6	39	0,9
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	214	4,3	232	5,2
Nágrannar	365	7,4	344	7,7
Önnur barnaverndarnefnd	75	1,5	75	1,7
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	76	1,5	98	2,2
Lögregla	2.434	49,2	2.198	49,3
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	538	10,9	514	11,5
Leikskóli/gæsluforeldri	81	1,6	89	2,0
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	322	6,5	289	6,5
Foreldrar barns	481	9,7	363	8,1
Aðrir	331	6,7	218	4,9
Samtals	4.949	100,0	4.459	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	30	40,0	30	61,2
Götusmiðjan	29	38,7		
Langtímameðferð	16	21,3	19	38,8
Samtals	75	100,0	49	100,0

*Meðferðarheimili Götusmiðjunnar hætti starfssemi í júní 2010

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	32	42,7	24	49,0
Nágrenni Reykjavíkur*	24	32,0	11	22,4
Landsbyggð	19	25,3	14	28,6
Samtals	75	100,0	49	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	42	56,0	34	69,4
Stúlkur	33	44,0	15	30,6
Samtals	75	100,0	49	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Meðalaldur barna	16,2		15,9	

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	17	40,5	25	62,5
Nágrenni Reykjavíkur*	25	59,5	15	37,5
Samtals	42	100,0	40	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	21	50,0	25	62,5
Stúlkur	21	50,0	15	37,5
Samtals	42	100,0	40	100,0

Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

	Fyrstu 6 mán 2010	Fyrstu 6 mán 2011
Meðalaldur barna	15,0	15,3

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Tímabundið	49	77,8	52
Varanlegt	4	6,3	4	5,4
Styrkt	10	15,9	18	24,3
Samtals	63	100,0	74	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík	35	55,6	34
Nágrenni Reykjavíkur*	9	14,3	16	21,6
Landsbyggð	19	30,2	24	32,4
Samtals	63	100,0	74	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	Fyrstu 6 mán 2010		Fyrstu 6 mán 2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Drengir	33	52,4	48
Stúlkur	30	47,6	26	35,1
Samtals	63	100,0	74	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 6 mán 2010	Fyrstu 6 mán 2011
	Samtals	10,7

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 6 mánuði	
	2010	2011
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	123	94
a. Skýrslutökur	27	24
b. Könnunarviðtöl	96	70
Greiningar- og meðferðarviðtöl	59	64
Læknisskoðanir	10	16

Kyn barna í Barnahúsi*

Kyn	Fyrstu 6 mánuði		Fyrstu 6 mánuði	
	2010		2011	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	40	32,5	27	28,7
Stúlkur	83	67,5	67	71,1
Samtals	123	100,0	94	100,0

*kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Neyðarvistun á Stuðlum

	Fyrstu 6 mánuði	
	2010	2011
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	132	112
Vistunardagar	782	787
Fjöldi einstaklinga	71	64

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 6 mánuði		Fyrstu 6 mánuði	
	2010		2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	39	54,9	43	67,2
Stúlkur	32	45,1	21	32,8
Samtals	71	100,0	64	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 6 mán		Fyrstu 6 mán	
	2010		2011	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík og nágrenni	15	48,4	21	58,3
Vesturland	2	6,5	4	11,1
Vestfirðir	0	0,0	1	2,8
Norðurland	7	22,6	2	5,6
Austurland	1	3,2	1	2,8
Suðurland	4	12,9	2	5,6
Reykjanes	2	6,5	4	11,1
Fólk búsett erlendis	0	0,0	1	2,8
Samtals	31	100,0	36	100,0

*Reykjavík og nágrenni Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.